

DV

Helgin

Þrjú myndlistarmenn að Kjarvalsstöðum

Laugardaginn 31. október verða opnaðar að Kjarvalsstöðum klukkan 16 þrjár myndlistarsýningar á verkum Hrólfs Sigurðssonar, Eiríks Smith og Thórs Barðdal. Í austursal er yfirlitssýning á verkum Hrólfs Sigurðssonar listmálara. Í verkum hans eru engir atburðir, engin frásögn, engin hreyfing, aðeins kyrrlát fegurð þar sem birta landsins umbreytist í birtu litarins.

Í vestursal er sýning á nýjum verkum eftir Eirík Smith, olíumálverkum og vatnslítamyndum. Eiríkur Smith er einn vinsælasti listamaður þjóðarinnar. Fáir íslenskir listamenn eiga að baki jafn fjölbreyttan feril og Eiríkur, en hann hefur átt hlut í öllum helstu straumum og stefnum nútímalistar sem til Íslands hafa borist og er áhugavert að sjá nýjustu verk þessa þekktu listamanns.

Í vesturforsal opnar ungur myndhöggvari, Thór Barðdal, sýningu á marmara- og granítskúlpúrum sem allir voru unnir í Portúgal á þessu ári. Sýningarnar standa til sunnudagsins 15. nóvember.



Eiríkur Smith við eitt verka sinna á sýningunni á Kjarvalsstöðum.

DV-mynd Sveinn

**Kráa-
rýnir fer
í Naust-
kjall-
arann**
– sjá bls. 18


**Papar
á Púls-
inum**
– sjá bls. 19

**Síldin í
Stykkis-
hólmi**
– sjá bls. 21

**Kvik-
mynda-
hátíðin
Harð-
fiskur**
– sjá bls. 22

**Íþrótt-
viðburð-
ir helg-
arinnar**
– sjá bls. 23

**Hvernig
verður
helgar-
veðrið**
– sjá bls. 24



Tónlistarhúsið verður í brennidepli á íslenskum tónlistardegi.

Íslenskur tón- listardagur

Íslenskur tónlistardagur verður haldinn hátíðlegur í Efstaleiti laugardaginn 31. október og verða beinar útsendingar á rás 1 og 2 frá klukkan 13 þann dag til klukkan 19. Þar koma fram jafn ólíkar söngkonur og Hallbjörg Bjarnadóttir, Shady Owens og Jóhanna Linnét, auk söngvara á borð við Ragnar Bjarnason og Helga Björnsson.

Klukkan 17 verður útvarpað frá tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Háskólabíói, þar sem rokkhljómsveit leikur ásamt Sinfóníunni verk Trúbrots; Lifun. Þar syngja meðal annars Björgvín Halldórsson og Sigríður Beinteinsdóttir og Ed Welch stjórnar.

Þann 30. október verður Tónlistarráðstefna í Ríkisútvarpinu sem ber yfirskriftina: Hvert þykir þér brýnasta úrlausnarefnið í íslenskum tónlistarmálum um þessar mundir?

Henni lýkur með aðalfundi Tónlistarbandalags Íslands á laugardagsmorgni.

Sunnudaginn 1. nóvember verður fjölskylduhátíð í Perlunni í tilefni þess að á tónlistardeginum lauk ári söngsins, en tónlistarár æskunnar hófst. Skemmtunin hefst klukkan 14.30 og koma þar fram ungir hljóðfæraleikarar og söngvarar. Auk þess munu meðal annars Andrea Gylfadóttir, Eyþór Arnalds, Móeiður Júníusdóttir og Þorvaldur Þorvaldsson syngja barnalög. Valgeir Guðjónsson stjórnar samkomunni og fjöldasöng. Tónlistarhúsið er í brennidepli í hugum tónlistarmanna um þessa helgi. Hugmyndir um nýja staðsetningu hafa lyft málefnum á nýtt flug og því munu Samtökin um byggingu tónlistarhúss leita stuðnings um þessar hugmyndir í RÚV á tónlistardegi.

Meningarmiðstöðin Gerðuberg: Orðlist Guðbergs Bergssonar

Laugardaginn 31. október klukkan 15 verður opnuð sýningin Orðlist Guðbergs Bergssonar í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi. Sýningin er haldin í tilefni af sextugsafmæli skáldsins þann 16. október síðastliðinn. Henni er ætlað að gefa mynd af Guðbergi sem listamanni og persónu og í tengslum við hana verður dagskrá sem byggist á verkum hans.

Guðbergur er vafalaust þekktastur fyrir ritlist en hann hefur skrifað um það bil tuttugu bækur, skáldsögur, smásögur og ljóð, auk þýðinga, einkum úr rómönsku málunum. Guðbergur hefur einnig lagt gjörva hönd á önnur listform og tengist það tilraunum hans til að víkka ritlistarformið.

Á sýningunni verða sýndar klippimyndir, teikningar, ljósmyndasögur, kvikmyndir, munir og fleira og í útibúi Borgarbókasafnsins í Gerðubergi verður bókasýning. Einnig gefst sýningargestum kostur á að hlýða á hljóðverk Guðbergs, sem hann nefnir Ljóð – hljóð. Flutt verður leiklesin dagskrá í leikstjórn Viðars Eggertssonar og einnig verður dagskrá í umsjá skáldsins. Sýningin stendur til 28. nóvember.



Sýningin Orðlist Guðbergs Bergssonar í tilefni 60 ára afmælis skáldsins verður opnuð á laugardag.

Norræna húsið: Höggmyndalist í Danmörku

Sunnudaginn 1. nóvember klukkan 17 heldur Villad Villadsen, forstöðumaður ríkislistasafnsins í Danmörku, fyrirlestur í fundarsal Norræna hússins. Fyrirlesturinn ber heitið Omkring billedhugger-traditionen í Danmark.

Villad Villadsen er kominn hingað í boði Norræna hússins í samvinnu

við Listasafns Sigurjóns Ólafssonar og Listasafns Íslands. Hann lauk mag. art. prófi í listasögu 1975, kenndi í þeirri grein við Kaupmannahafnarháskóla 1973-79 en var síðan ráðinn forstöðumaður listasafnsins í Randers. Hann gegndi því starfi þar til hann tók við forstöðu ríkislistasafnsins 1985.